

Fjórar fornar sögur

Bækur

Fjórar sögur frá hendi Jóns Oddssonar Hjaltalín. 177 bls. Matthew J. Driscoll bjó til prentunar. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. 2006.

Séra Jón Oddsson Hjaltalín (1749-1835) var lengst af prestur í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd. Hann var afkastamikill rithöfundur, sálmaskáld og þýðandi. Eftir Jón hefur margvíslegt efni varðveist og liggur í handritum, s.s. rímur, tækifærisvísur og bæði frumsamdar og þýddar sögur. Matthew J. Driscoll, sérfræðingur við Árnasafn í Kaupmannahöfn, hefur tekið saman úrval sagna frá hendi Jóns og birt í einni bók ásamt ágætum inngangi og nokkrum ljósmyndum af handritunum. Útgáfan er hin vandaðasta í hvívetna. Sögurnar eru fjórar talsins: Sagan af Marroni sterka, Ágrip af Heiðarvígá sögu, Sagan af Zadig og Fimmbreðra saga en engin sagnanna hefur áður verið prentuð. Texti sagnanna er skrifaður upp stafrétt eftir handritum, þ.e. upphaflegri stafsetningu er haldið til haga. Leyst er úr styttingum (skammstöfunum skrifarans) með svigum og greinamerkjasetning er færð til nútímahorfs. Í Ágripi af Heiðarvígá sögu eru einnig birt lesbrigði við tvö önnur handrit og í Sögunni af Zadig fyllir danska þýðingin upp í eyður í handritinu og er jafnframt birt neðanmáls.

Sagan af Marroni sterka og Fimmbreðra saga eru frumsamdar í riddara-, rómönsu- eða lygisagnastíl. Formgerð slíkra sagna er hefðbundin; karlhetja leggur upp í ferð eða leit, lendir í ýmsum raunum en snýr aftur sigurvegari. Jón fyllir upp í sögur sínar með ýmsum sagnamínum og formúlum (xv). Marron sterki er settur í fóstur hjá fjölkunnugri ömmu sinni og verður filsterkur og vitur enda alinn á ljónamjólk. Hann lendir í margvíslegum ævintýrum, fer m.a.s. til Blálands og heggur þar mann og annan áður en hann verður konungur og deyr í hárrí elli. Fimmbreðra saga segir frá jarli einum sem á fimm framúrskarandi syni. Þar sem jarlssynir hafa allir hrifist af mismunandi trúarbrögðum sendir hann þá til þess lands þar sem þau trúarbrögð eru iðkuð og segir þeim að snúa ekki aftur fyrr en að sjö árum liðnum og segja þá hinum hvers þeir hafi orðið vísari. „Hlítur nú frásagan að filga einumm í senn“ (140) en niðurstaða sögunnar er vitaskuld fyrirsjáanleg, bræðurnir uppgötva einn af öðrum hvaða hégómi og hindurvítu eru í trúarbrögðum heimsins – nema kristni. Sagan sýnir vel hvernig séra Jón bræðir saman fjölmargar ólíkar heimildir, innlendar og erlendar, gamlar og nýjar, og hvernig hann tekst á við formið og, veitir inn nýjum straumum, sögulegum tíma og sögulegri orðræðu. Sagan af Zadig er þýðing eftir danskri þýðingu á frönsku skáldsögunni Zadig ou la Destinée eftir Voltaire sem birtist fyrst árið 1748, tólf árum á undan Birtingi. Þýðing Jóns er vönduð að mestu en allvíða hefur hann stýtt söguna og sleppt úr, einkum köflum þar sem Voltaire fer á flug í heimspekinni (xxv). Ágrip af Heiðarvígásögu er merkilegt fyrir margra hluta sakir. Jón setti það saman á grundvelli endursagnar Grunnavíkur-Jóns af þeim hluta sögunnar sem brann glatt í Kaupmannahöfn 1728 og eftirrits Hannesar Finnssonar, biskups, af því handritsbroti frá miðöldum sem hann rambaði á í Stokkhólmi. Við þetta bætti Jón svo ýmsu kryddi, s.s. munnmælasögum og samtölum, svo úr verður býsna heilleg saga.

Á átjándu öldinni mátti virðast sem um skeið væru íslenskar bókmenntir að deyja út í móðuharðindum, hallærum og andlegum doða. Það er mönnum eins og séra Jóni að þakka, að svo varð ekki, fátækum almúgapresti, bónda og bókabéusi sem bograði krókloppinn við skriftir. Menn sóttu m.a. kraft og innblástur til erlendra fyrirmýnda í anda upplýsingarinnar en Jón hafði haft kynni af ritum evrópskra upplýsingarmanna. Hann varð augljóslega fyrir áhrifum af verkum þeirra og sögur hans veita góða innsýn í hugmyndaheim átjándu aldar manna. Óþarft er að taka fram hversu mikill hvalreki svona bók er, t.d. fyrir áhugamenn um þýðingar og upphaf skáldsagnagerðar á þessu tímabili í íslenskri bókmenntasögu og ekki síður

fyrir málsögu- og bókmenntakennara og nemendur þeirra í framhalds- og háskólum. En mikið getur blessaður bókmenntaarfurinn verið lengi á leiðinni til okkar. Séra Jón Hjaltalín hripaði niður sögur sínar um aldamótin 1800, Matthew J. Driscoll hóf grunnvinnu á verkum hans á árunum 1993-95 og lauk við að búa sögurnar fjórar til prentunar árið 2004. Og nú, í nístingsköldum nóvember árið 2006, kemur verkið fyrir almenningssjónir. Fræðimenn sem annast um fornar sögur og stoppa í götin í íslenskri bókmentnasögu ætti að verðlauna hressilega fyrir þrautseigju þeirra og ótrúlega þolinmæði.

Steinunn Inga Óttarsdóttir
<http://steinunninga.wordpress.com/>